

# Líkamsmentun.

## Efnilegir íþróttamenn.

Sú var tíðin, að Íslendingar voru mestir íþróttamenn einhverir sinnar aldar. Það sem íslenzkir drengir töldu eftirsóknarverðast undir eins og þeir fóru að vitkast, hefir sjálfsgagt verið að verða sterkur og fimur. Að því markmiði stefndu þeir. Og betra markmið er ekki heldur unt að bugsa sér. Því að hvað ætti að vera eftirsóknarverðara heldur en braustur, sterkur og vel taminuð líkamji. Er þetta ekki sagt af því, að sá sem þetta ritar litilsvirði andann, heldur einmitt ekki sízt af því að vér metum andann mikils, mjög mikils.

Læt ég hér yðvislegt ósagt.

Það er kunnugt hvernig för. Íslendingar sem höfdu átt Guðnarr, Héðin, Kára og aðra góða meðu, urðu þegar fram í leið, af ástæðum sem ég leidið hér hjá mér að minnuast á, ekki eingöngu eftirbátar annara, heldur slitnuðu alveg aftanúr og hafa karlmannalegar íþróttir og öll líkamsmentun hvergi á Norðurlöndum komist á jafn lágt stig og hér hjá oss.

Eu nú er að lifna við hér einnig í þessum efnum. Mætti telja hér yðvislegt til, t. a. m. bók dr. Björns Bjarnasonar, skíðavakuingu Helga kennara Valtýssonar og svo glimurnar. Í þeim hafði ég heyrta að hr. Jóhannes Jósefsson á Akureyri væri fremstur, en ekki vissi ég að haun væri einmitt þess konar maður sem ég hafði verið að skygnast eftir við og við, en ekki fundið eða frétt til. Eg hefi nefnilega oft haldið spurnum fyrir um afburðarmenn að afli, ég þekti svo margar íslenzka tveggja manna maka, en að eins úr sögum og allir voru þeir því niður dauðir. Eg sá nú og frétti til fjölda vel sterkra manna, en engann hitti ég tveggja makann eða frétti til hans með vissu. Pangad til ég sì hr. Jóhannes Jósefsson, því að hann á óefað pennan til og mundu raunar ekki nægja kraftar tveggja meðal

manna þótt þeir legðu saman til sumra afrauna hans. En fimleikur og áræði er að því skapi. Og Jóhannes er yngri maður en svo að honum sé fullfarið fram að kröftum ef ekkert hnekkir.

Eg hef aldrei á íþróttasýningu skemt mér eins vel og í gær, auðvitað ekki sízt af því, að þessi sýning þýddi annað og meira en sýningar erlendra manna. Það var einmitt svolitið sýnighorn þess sem ekki ósjaldan er ósatt, að „andinn lifir æ hinn sami.“ Hjá Jóhannesi Jósefssyni og Jóni Pálssyni lærisveini hans virðist fara saman ágætir hæfileikar og þessi djarfi, einlægi vilji til að ná fullkomnum í sinniment, sem er skilyrðið fyrir því að komast langt. Hr. Jón Pálsson er ótrúlega liðugur og mjúkur og gerir sjálfum sér og kennara sínum mikinn sóma.

Jóhannes Jósefsson gæti orðið íslenzkri þjóð hinn þarfasti maður, og er sennilega enginn jafnvel fær um að vekja Íslendinga til áhuga á karlmaunlegum íþróttum eins og hann. Það væri gaman ef hann gæti haldið uppi skóla en stofnað íþróttafélög víðsvegar um landið og sett fyrir efnilegustu lærisveina sína. Slikt muudi því miður aldrei verða arðsamt fyrir manni; að ætla sér að vinna að mentun á einhvern hátt er, eins og kunagt er, jafn fátæklega borgad og ólifvænlegt, eins og t. a. m. vinsala er vel borguð og vænleg til auðs. En ekki virðist óhugsanlegt, að veitt yrði eitthvað af almannafé til slíks fyrirtækis sem ég nefndi, ef Jóhannes fengist. En það er hett við, að maður, sem ef til vill gæti komist í tölu fremstu glímumanna erlendis og unnið sér þannig frægð og frama í ríkum mæli, muni ekki tolla hjá oss. —

Þegar ég gekk heim í gær sá ég dengi sem voru að reyna að leika eftir eitthvað af simleikum þeim, sem þeir höfdu þreytt Jóhannes og Jón. Efnid er hér sennilega til en fyrifmyndirnar hefir vantað.